

82  
11. des.

## AUGLÝSING

um

### reglugjörð um opinber reikningskil.

Samkvæmt þegnlegum tillögum fjármálaráðuneytisins hefir Hans hátign konunginum í dag þóknast allramildilegast að staðfesta eftirfarandi:

## REGLUGJÖRÐ

um

### opinber reikningskil.

#### 1. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu mánaðarlega gera ríkissjóði reikningsskil fyrir gjaldheimtum þeim, sem þeim er trúað fyrir.

Með sýslumönnum og bæjarfógetum er í reglugjörð þessari átt við alla innheimtumenn ríkissjóðs, þar með taldir lögmaðurinn, lög-reglustjórinn og tollstjórinn í Reykjavík, og eru þeir hér undir í reglugjörð þessari nefndir einu orði reikningshaldarar.

#### 2. gr.

Allir reikningshaldarar skulu halda bækur þær, er nú skal greina, yfir tekjur þær, sem þeim er falið að innheimta:

1. Sjóðbók fyrir ríkissjóðstekjur (sjóðbók I).
2. Sjóðbók fyrir aðrar tekjur (sjóðbók II).
3. Aukatekjubók.
4. Vörutolls- og verðtollsþók.
5. Aðflutningsgjaldabók.
6. Útflutningsgjaldabók.
7. Manntalsgjaldabók.
8. Bifreiðarskattsþók.
9. Þók fyrir gjald af innl. tollvöru.
10. Aðalreikningsþók.

Bækur þessar skulu færðar eftir fyrirskipaðri fyrirmynd frá fjármálaráðuneytinu, og skulu löggiltar af því.

**3. gr.**

82

11. des.

Sjóðbækurnar skal færa eftir reglum um tvöfalda bókfærslu.

Í sjóðbók I skal færa aukatekjubókargjöld, vörutoll og verðtoll, aðflutningsgjöld, útflutningsgjöld, manntalsbókargjöld, bifreiðaskatt, viðskiptin við ríkissjóð, og loks ýmsar aðrar tekjur, er ríkissjóði viðkoma (Ýmislegt).

Í lok hvers mánaðar skal færa yfir í þessa bók úr sjóðbók II, það, sem til kann að hafa fallið í mánuðinum af eftirtöldum tekjum: Afgjald þjóð- og kirkjujarða, slysatryggingargjöld, skemtanaskatt og sektir.

Í lok hvers mánaðar skulu tekjur þær, er tilfallið hafa í mánuðinum, sendar ríkissjóði, þannig að ekkert standi eftir í sjóði í byrjun næsta mánaðar.

Í sjóðbók II skal færa: Greiðslur viðkomandi þjóð- og kirkjujörðum, dánar- og þrotabúum, sýslusjóðum og uppboðum, ýmsum sjóðum, slysatryggingu, skemtanaskatti, sektum, hundaskatti og öðrum þeim innheimtum, er reikningshöldurum er falið. Auk þess skal í sérstakan dálk færa viðskipti þessara liða við peningastofnanir.

**4. gr.**

Í aukatekjubók skal færa: Alm. aukatekjur, stimpilgjald annað en verðtoll, leyfisbréfastgjald, erfðafjárgjald og vitagjald. Gjöldin skal færa í bókina jafnóðum og gjörð sú er framkvæmd, sem greiða skal fyrir. Skiptagjöld skal færa á skiptalokadegi og uppboðslaun þá er innheimtufrestur er á enda. Skal tilfæra í uppboðsbókinni, við hvert uppboð, hvaða dag launin eru færð inn í aukatekjubók.

Úr aukatekjubókinni skal, ekki sjaldnar en í lok hverrar viku færa inn í sjóðbók I það sem til hefir fallið í vikunni. Þó skal innfæra úr henni í lok hvers mánaðar, enda þótt ekki standi á vikulokum.

**5. gr.**

Í vöru- og verðtollsbók skal færa vörutoll allan, er til fellur, jafnskjótt sem því verður við komið, sundurliðaðan eftir flokkum. Í bók þessa skal einnig færa verðtollinn. Skal verðtollurinn af hverri vörutegund færast í sömu línu og vörutollurinn. Ber að skrá verðhæð þá, er verðtollurinn reiknast af ásamt gengi og hundraðshluta þeim, er gjalda skal. Jafnskjótt sem tollar þessir eru greiddir, skal færa upphæðina í viðeigandi dálka í sjóðbók I, og skal þá jafnframt skrá greiðsludaga í kvittunadálka tollbókarinnar.

**6. gr.**

Í aðflutningsgjaldabók skal færa allt aðflutningsgjald, sem til fellur, sundurliðað eftir flokkum. Jafnskjótt sem gjöldin eru greidd

82 ber að færa þau í viðeigandi dálka í sjóðbók I, og skal þá um leið skrá 11. des. greiðsludaginn í aðflutningsgjaldabókina.

#### 7. gr.

Í útflutningsgjaldabók skal færa allt útflutningsgjald, sem til fellur, sundurliðað undir viðeigandi flokka, eftir því hvort gjaldið miðast við verð eða mergð. Þegar gjaldið er greitt skal færa upphæðina í sjóðbók I, og jafnframt ber að skrá greiðsludaginn í útflutningsgjaldabókina.

#### 8. gr.

Í manntalsgjaldabókina skal innfæra gjöld þau, er greiða ber á manntalsþingum. Svo sem form þessarar bókar fyrirskipar, skal aðgreina tekjur ríkissjóðs frá öðrum þinggjöldum.

Tekjurnar, sem til falla í hverjum mánuði ber að færa í viðeigandi greiðsludálk í manntalsgjaldabók, og skulu tekjurnar jafnframt tilfærðar í sjóðbók I, svo fljótt sem auðið er. Ellistyrktarsjóðsgjaldið ber að færa í dálkinn fyrir ýmsa sjóði.

Skattskrár skulu sendar fjármálaráðuneytinu svo fljótt sem auðið er.

Það sem kann að vera ógreitt af þinggjöldum í árslok, ber að færa yfir í sérstakan dálk, sem til þess er gerður, í manntalsgjaldabókinni. Jafnframt skal í aðalreikningsbók (höfuðbók) búa til skrá yfir þá, sem ekki hafa greitt þinggjald sitt. Skal sundurliðað í skránni hve mikið af þinggjöldum eigi að renna til ríkissjóðs, hve mikið til ellistyrktarsjóðs og loks hve mikið af upphæðinni sé ógreiddur hundaskattur. Upphæðina, sem ógreidd er í árslok, skal skulda í viðskiptamannadálki sjóðbókar I jafnframt því, sem sú upphæð er talin til tekna í manntalsgjaldadálkinum. Listi yfir ógreidd þinggjöld ríkissjóði tilheyrandi, skal fylgja mánaðarskilagreininni fyrir desember ár hvert. Það sem greiðist á næsta ári, af fyrri ára þinggjöldum, skal færast viðskiptamönnum til gjalda (kredit) og sjóði til tekna (debet) jafnframt því sem kvittað er við nafn greiðanda í aðalreikningsbókinni.

Þá er fullvíst er að þinggjöld fáist eigi greidd, þrátt fyrir tímaþættar, en árangurslausar innheimtutilraunir, skal færa viðskiptamönnum (gjaldendum) slíkar upphæðir til gjalda (kredit) um leið og ríkissjóði eru færðar þær til tekna (debet). Skulu listar yfir slík ófánleg þinggjöld fylgja mánaðarskilgreinum, jafnótt og fullvíst er að eigi sé hægt að innheimta þau.

#### 9. gr.

Bifreiðaskatt skal færa í sjóðbók I, jafnskjótt sem hann er

greiddur, og skal jafnframt kvitta við númer bifreiðar í bifreiða- **82**  
skattsbókinni.

11. des.

## 10. gr.

Sérstaka bók skal halda yfir gjald það, sem til fellur af inn-  
lendri tollvöru. Skal færa gjaldið í sjóðbók I, undir ýmislegt, um leið og  
það greiðist, en jafnframt kvitta við upphæðina í tollbókinni.

## 11. gr.

Í aðalreikningsbók ber að færa öll dánar- og þrotabú, sem tekin  
eru til opinberrar skiptameðferðar, reikningsskil þjóð- og kirkjujarða,  
reikninga yfir sjóði, sem sýslumenn hafa með höndum, eftirstöðvar af  
ógreiddum þinggjöldum, skilagrein yfir móttækin og notuð stimpilmerki  
og annað það, sem sundurliða þarf nákvæmar en gert verður í sjóð-  
bókunum, og ekki á heima í öðrum bókum. Eftir því sem unnt er  
skal halda hverjum flokki innan aðalreikningsbókanna aðgreindum, til  
hæððarauka við samanburð á viðeigandi dálkum sjóðbókanna.

## 12. gr.

Bækur þær, sem getið er um í 3.—10. gr., skal færa samkvæmt  
fyrirskipuðum formum, og skulu þær allar, ásamt aðalreikningsbók,  
gegnumdregnar og löggiltar af fjármálaráðuneytinu.

## 13. gr.

Um hver mánaðarmót ber reikningshöldurum að senda ríkisbók-  
haldinu tvíritaða skilagrein um innborgaðar opinberar fjárheimtur,  
og skal jafnframt senda ríkisféhirði, í ávísunum eða kvittunum, upp-  
hæð þá, sem samkv. skilagreininni hefir verið innheimt í mánuðinum.

Hinum mánaðarlegu skilagreinum skulu fylgja afrit af aðflutn-  
ingsgjaldabók, útflutningsgjaldabók, vöru- og verðtollsbók og bók yfir-  
gjald af innl. tollvöru, ásamt fylgiskjölum og öðrum skjölum, er gera  
grein fyrir tekjum þeim, sem innheimtar hafa verið í mánuðinum.

Skilagreinar þessar skulu ritaðar á form, sem fjármálaráðu-  
neytið fyrirskipar.

Skilagreinar ásamt fylgiskjölum, ávísunum og kvittunum skulu  
settar í póst ekki síðar en þremur virkum dögum eftir hver mán-  
aðarmót.

## 14. gr.

Þar sem banki eða bankaútbú er í umdæminu, ber reiknings-  
höldurum að greiða inn í reikning ríkissjóðs tekjur þær, er þeir inn-  
heimta fyrir ríkissjóð, jafnóðum og þær eru greiddar.

Fé því, sem reikningshöldurum er trúað fyrir vegna embættis

82 síns, og þeir á hverjum tíma hafa í vörzlum sínum, skal ávallt haldið 11. des. sér og eigi látið saman við fé þeirra sjálfra eða annara.

#### 15. gr.

Reikningshaldarar skulu heimta inn tekjur þær, sem þeim er trúað fyrir, jafnskjótt eða sem allra fyrst eftir að þær falla í gjald-daga. Verði vanskil á greiðslunni, skulu þeir svo fljótt sem verða má, gjöra ráðstafanir til þess að ná þeim inn, annaðhvort með lögtaki eða á annan hátt, samkvæmt gildandi lögum. Er þeim því almennt bannað að veita gjaldendum nokkurn frest á greiðslunni.

#### 16. gr.

Fjármálaráðuneytið lætur ekki sjaldnar en einu sinni á ári senda endurskoðendur til að athuga hvort reglugjörð þessari sé nákvæmlega fylgt. Reikningshöldurum ber að veita endurskoðendum frjálsan og óhindraðan aðgang að öllum embættisbókum og skjölum og gefa þeir allar þær upplýsingar, sem þeir æskja, um fjárreiður embættisins og embættisstörf. Skulu reikningshaldarar skyldir að sanna, að þeir hafi í sjóði það sem vera ber, er endurskoðun fer fram.

#### 17. gr.

Endurskoðendum þessum ber að rannsaka allar opinberar fjárreiður, er reikningshaldarar kunna að hafa með höndum, svo sem sýslusjóð, póstsjóð, búafé, fé ómyndugra, uppboðsfé o. fl. Skulu þeir fullvissa sig um að fé þetta sé fyrir hendi, og geymt eða ávaxtað á tryggilegan hátt og lögum samkvæmt. Er endurskoðendur hafa gert skrá um hvað er í sjóði og fengið fullar sannanir fyrir bankainnstæðum, skulu þeir sannfæra sig um að upphæðir þessar séu samkvæmar sjóðbókum embættisins. Skulu þeir um leið athuga hvort nokkuð er óinnfært í sjóðbók I úr aukatekjubók.

#### 18. gr.

Síðan skulu endurskoðendur athuga hvort rétt gjöld hafa verið tekin fyrir öll embættisverk, hvort þau hafa verið innheimt, hvort undirbækurnar eru í samræmi við sjóðbækurnar, og hvort færsla bóka-anna sé óaðfinnanleg.

#### 19. gr.

Ef reikningshaldarar greiða ekki tekjur þær, er þeir eiga að standa skil á til ríkissjóðs, eins og fyrir er mælt í 13. gr., eða gjöra ekki reikning í tæka tíð, eða standa í skuld eftir skilagrein þeirri, sem fram er komin, mega þeir búast við því að þeim verði annaðhvort vikið

frá embætti um stundarsakir, eða, ef það kann að þykja hagfeldara í 82 einstöku tilfelli, að settur verði annar maður til þess, fyrst um sinn, 11. des. að heimta inn tekjurnar á kostnað embættismanns. Reynist sjóðþurð hjá einhverjum reikningshaldara, má hann búast við að honum verði tafarlaust vikið frá embætti. Sama gildir ef verulegur misbrestur reynist á rekstri embættanna.

**20. gr.**

Það sem 31. des. þessa árs kann að vera óinnheimt af manntalsbókargjöldum, skal sérstaklega tilfært á yfirlitsreikningi ársins 1929. Skal það jafnframt 2. jan. fært í sjóðbók I, á þann hátt sem segir í 8. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. jan. 1930 og fellur frá sama tíma úr gildi reglugjörð um opinber reikningsskil nr. 6 frá 17. júní 1915, og reglugjörð nr. 4 frá 12. febr. 1919.

*Fjármálaráðuneytið, 11. desember 1929.*

Einar Árnason.

*Gísli Ísleifsson.*